

Ed.

489. Breytingartillögur

[3. mál]

við frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Salome Porkelsdóttur.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn. Endurráðning er heimil.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri hljómsveitarinnar, undirbýr verkefnaval í samvinnu við hljómsveitarstjóra, stjórnarformann og aðra þá aðila, sem kvaddir kunna að vera til ráðuneytis, og leggur starfs- og rekstraráætlanir fyrir stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar til umfjöllunar og afgreiðslu. Áætlanir þessar skulu gerðar fyrir eitt ár í senn og liggja fyrir eigi síðar en 1. júní ár hvert fyrir næsta almanaksár.

2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður hljómsveitarstjóra til tveggja ára í senn og skipar verkum með þeim að fengnum tillögum framkvæmdastjóra.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður hljóðfæraleikara að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, og að undangengnum prófum ef ástæða er til, í minnst 65 stöðugildi. Aðrir hljóðfæraleikarar eru ráðnir eftir því sem viðfangsefni krefjast og innan þeirra marka sem fjárframlög heimila.

Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fer eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

Heimilt er að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma eða fá verk til flutnings hjá tónskáldum.

3. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar að skipa sér verkefnavalsnefnd til aðstoðar við verkefnaval hljómsveitarinnar. Skal nefndin skipuð 7 mönnum, einum tilnefndum af Tónskáldafélagi Íslands, einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu, einum tilnefndum af starfsmönnum hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg. Ráðinn hljómsveitarstjóri og konsertmeistari skulu einnig skipa nefndina en formaður hennar er tilnefndur af menntamálaráðuneytinu og skal hann hafa staðgóða tónlistar-menntun.

Verkefnavalsnefndin skal skila áætlun um verkefni hljómsveitarinnar og gera kostnaðaryfirlit yfir eitt ár í senn og skal leggja það fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist af rekstrarfé stofnunarinnar.